

kennarafundi, og gefa fundinum kost á að láta uppi uppástungur sínar um ölmusuveit-ingarnar, og að senda yður síðan uppástungur fundarins með ummælum sínum (rektors).

2
9. jan. **Brjef landshöfðingja til kaupmanns Markúsar Snæbjarnarsonar, um afgreiðslugjald af skipi.** Með brjefi dags. 8. nóv. f. á. hafið þjer, herra kaupmaður, spurzt fyrir um það, hvort bæjarfógetinn á Ísafirði hafi með rjettu heimtað og tekið hálftr afgreiðslugjald af skipi yðar «Guðrúnu», er þjer tjáizt hafa haft til lausakaupferða á ýmsar hafnir utan Barðastrandarsýslu á síðastliðnu sumri, eptir að þjer hafið greitt af því fulltr afgreiðslugjald á Geirseyri, en þangað kom skipið frá Kaupmannahöfn, og álitíð þjer, að þjer hafið þannig goldið hálftr afgreiðslugjaldi of mikið. Útaf þessu skal yður hjer með gefið til vitundar, að með því að skjöl þau, sem fylgdu brjefi yðar, bera með sjer, að nefnt skip hafi verið affermt að fullu á Geirseyri, og fermt eða átt að fermast þar aptur að fullu, er það samkvæmt 62. gr. reglugj. 10. sept. 1830 og 8. gr. í tilsk. 15. april 1854 rjett, að þjer hafið greitt fulltr afgreiðslugjald þar í lögsagnarumdæminu, og samkvæmt sömu lagagreinum og fastri venju bar yður, þegar þjer síðar senduð skipið til verzlunar í önnur lögsagnarumdæmi, að greiða hálftr afgreiðslugjald í hverju því umdæmi, þar sem skipið hefur að nokkru verið affermt eða fermt.

3
15. jan. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll-lækkun á frakkneskum saltfiski á Ítalíu.** Utanríkisstjórnin hefur skýrt mjer frá, að konsull ríkisins í Genúa hafi vakið eptirtekt á því, að samkvæmt lögum um afnám tollmuna, sem þing Ítala hafi samþykkt, sje innflutningsgjald af saltfiski frá Frakklandi aptur orðið 5 lírur af kíló hverju í stað 10 líra, og að þessvegna sje nauðsynlegt, að hinnar mestu varúðar sje gætt við þurkinn á íslenskum og færeyskum saltfiski, til þess að hann geti keppt við hinn frakkneska.

Þetta læt jeg eigi hjá líða hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóku. leiðbeiningar og birtingar á þann hátt, sem yður kann að þykja heppi-legastur.

4
17. jan. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suduramtinu og vesturamtinu, um hve verja skuli styrk-hluta vesturamtsins af gullbrúðkaupssjóði Bjarna amtm. Þorsteinssonar og konu hans 1889—91.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 7. þ. m., hafið þjer, herra amtmáður, lagt það til, að jeg samþykki þá tillögu amtsráðsins í vesturamtinu, að verja styrk þeim, sem vesturamtíð fær árin 1889—91 af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans frá Þórunnar Hannesdóttur, til þess að endurbæta hinn svonefnda Arnarstapaveg í Mýrasýslu, og þar sem jeg fellst á ofangreinda ráðstöfun, sendi jeg yður hjer með í ofanefndu skyni 100 kr., sem er sá styrkur, sem vesturamtíð getur orðið aðnjótandi fyrir árið 1889 af tjeðu gullbrúðkaupslegati.